

Nd.

224. Breytingartillögur

[45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitárfélaga, með síðari breytingum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Við 3. gr. 4. mgr. komi viðbót:

Svo og skal draga frá útsvarsskyldum tekjum starfslaun, sem greidd eru vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis við sendiráð Íslands og fastanefndir Íslands hjá alþjóðastofnunum.

2. Við 14. gr. 1. másl. 1. mgr. Í stað orðanna „í þessu sambandi telst gjaldfærsla“ komi: í þessu sambandi telst þó ekki gjaldfærsla.

3. Við 14. gr. Við 2. mgr. bætist tveir nýir másl. er orðist svo:

Jafnframt skal álagning aðstöðugjalds og landsútsvars, er henni hefur verið bælt við rekstrarkostnað þannig reiknaðan, sbr. og 1. mgr. þessarar greinar, eigi mynda rekstrartap. Fjárhæð aðstöðugjalds og landsútsvars má því að hámarki nema þeirri fjárhæð, sem heildartekjur án tekjufærslu skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 eru umfram rekstrarkostnað skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.